

Ágúst 2024



Efling lífrænnar matvælaframleiðslu

Aðgerðaáætlun — Lokaútgáfa



Stjórnarráð Íslands
Matvælaráðuneytið

Efling lífrænnar matvælaframleiðslu

Aðgerðaáætlun

Útgefandi:

Matvælaráðuneytið

Borgartúni 26, 4. hæð – 105 Reykjavík

545 9700 – mar@mar.is

Umbrot og textavinnsla:

Matvælaráðuneytið

Ágúst 2024 | ISBN 978-9935-551-06-1

©2024 Matvælaráðuneytið

stjornarradid.is

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Meginmarkmið	6
1. Aðlögunar- og rekstrarstyrkir	8
1.1 Aðlögunarstuðningur	8
1.2 Stuðningsgreiðslur	9
1.3 Fjárfestinga- og tækjastyrkir	10
1.4 Sérstakur stuðningur við afurðastöðvar	10
2. Aðföng	11
2.1 Greiningar á möguleikum á notkun lífræns efnis til áburðar og fóðurs	11
3. Rannsóknir, ráðgjöf, nýsköpun og vöruþróun	12
3.1 Rannsóknir á sviði lífrænnar framleiðslu	12
3.2 Nýsköpun, vöruþróun, rannsóknir og þróun	13
4. Markaðsstarf, kynning og fræðsla	14
4.1 Aukin gagnaöflun	14
4.2 Lífrænt Ísland	15
4.3 Lífrænn dagur	15
4.4 Lífræn verðlaun / viðurkenning	16
5. Eftirfylgni, endurskoðun og samræming stefnumótunar	17
5.1 Stöðuskýrsla og málþing	17
5.2 Endurskoðun aðgerðaáætlunar	18
5.3 Samræming stefnumótunar og endurskoðun reglugerða	18
6. Viðauki	19
6.1 Aðgerðir sem heyra undir önnur ráðuneyti	19



Inngangur



Í september 2022 undirritaði matvælaráðherra samning við ráðgjafafyrirtækið Umhverfisráðgjöf Íslands ehf. (Environice) um gerð tillagna að aðgerðaáætlun til eflingar lífrænnar framleiðslu. Áætlunin var unnin í samræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs frá 2021 en þar er áhersla lögð á öfluga íslenska matvælaframleiðslu. Meðal áhersluverkefna sem þar eru tilgreind er mótun heildstæðrar áætlunar til eflingar lífrænnar framleiðslu, en lífræn framleiðsla er talin til þess fallin að auka sjálfbærni landbúnaðar og efla líffræðilega fjölbreytni í jarðvegi, sem dregur úr þörf fyrir tilbúinn áburð.

Eftirspurn eftir vottuðum lífrænum vörum fer vaxandi, bæði innanlands og utan, og því er efling lífrænnar framleiðslu liður í að skapa ný atvinnutækifæri og auka verðmætasköpun í byggðum landsins. Ísland hefur dregist aftur úr nágrannalöndunum á þessu sviði. Hérlandis er mun lægra hlutfall landbúnaðarlands með lífræna vottun en í löndunum í kring og flest bendir til að markaðshlutdeild lífrænnar framleiðslu sé einnig lægri hér, en þær upplýsingar liggja ekki fyrir. Stjórnvöld í nágrannalöndunum, þ.á.m. framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, hafa sett sér krefjandi markmið um aukna hlutdeild lífrænna afurða, bæði í landbúnaðarframleiðslu landanna og á neytendamarkaði. Efling lífrænnar framleiðslu hérlandis er því liður í að styrkja samkeppnisstöðu Íslands gagnvart nágrannalöndunum og um leið samkeppnisstöðu innlendrar matvælaframleiðslu gagnvart innflutningi.

Sú tillaga að aðgerðaáætlun til eflingar lífrænnar framleiðslu á Íslandi sem hér er sett fram er unnin í matvælaráðuneytinu en byggir á tillögum Umhverfissráðgjafar Íslands ehf (Environice). Við mótun aðgerðaráætlunarinnar var einnig tekið mið af annarri stefnumótun á málefnasviðinu, áherslum matvælaráðherra og matvælaráðuneytis. Margar tillagnanna eru þess eðlis að þær snerta einnig starfssvið annarra ráðuneyta og stofnana og því er samstarf fleiri aðila lykillinn að því að hægt verði að hrinda tillögunum í framkvæmd. Í viðauka er að finna lista yfir þær aðgerðir sem heyra undir starfssvið annarra ráðuneyta og eru þær ekki hluti af aðgerðaráætluninni á þessu stigi. Þeim verður vísað til viðkomandi ráðuneyta og þau hvött til þess að koma þeim til framkvæmda.

Tillögur að einstökum aðgerðum byggja á samtölum við fjölmarga aðila innanlands, taka mið af annarri stefnumótun íslenskra stjórnvalda eins og áður segir og styðjast við samþærilega stefnumótun á hinum Norðurlöndunum og á vettvangi Evrópusambandsins. Aðgerðirnar sem lagt er til að ráðist verði í eiga það sameiginlegt að vera líklegar til að ryðja hindrunum úr vegi, þannig að Ísland standi nær öðrum ríkjum Evrópu á þessu sviði. Aðgerðunum er skipt í nokkra málaflokka, sem hver um sig snýr að tilteknum hluta af virðisikeðju lífrænna matvæla eða að tilteknum innviðum sem þurfa að vera til staðar til að keðjan í heild verði sem sterkust.

Drög að aðgerðaáætluninni voru í opnu samráði á samráðsgátt stjórnvalda tímabilið 30.11.2023-05.01.2024. Alls bárust 11 umsagnir og voru þar góðar ábendingar um hvað betur mætti fara. Fram komu ýmsar breytingatillögur sem tekið var tillit til eins og kostur var, en sjónarmið voru í sumum tilvikum andstæð. Bætt var við tillögur að samstarfsaðilum við nokkrar aðgerðir í samræmi við ábendingar og einnig frekari skýringum. Eftir er að ræða við þá samstarfsaðila sem tillaga er gerð um.

Nokkrir umsagnaraðilar gagnrýndu að markmið áætlunarinnar væru ekki nógu metnaðarfull en aðrir töldu markmiðin of metnaðarfull. Einnig var bent á að fjármögnun væri óljós og gagnrýnt að breytingar á stuðningskerfi komist ekki til framkvæmda fyrr en með nýju stuðningskerfi landbúnaðarins. Núgildandi búvörusamningar renna út í árslok 2026 og við seinni endurskoðun samninganna sem lauk í janúar 2024 voru samningsaðilar sammála um að hefja nú þegar vinnu við heildarendurskoðun á starfsumhverfi landbúnaðar til framtíðar. Stuðningur við lífræna framleiðslu er hluti af því samtali og gert er ráð fyrir að hefja vinnuna á árinu 2024.

Mikilvægt er að aðgerðaáætlunin taki gildi sem fyrst til að hægt sé að byrja vinna að framgangi hennar. Á síðari stigum þegar áætlunin verður endurskoðuð sbr. aðgerð 5.2. er hægt að bregðast við öðrum ábendingum sem bárust, frekari þróun innan geirans og bæta við aðgerðum.



Meginmarkmið



Í tengslum við landbúnaðarstefnu Evrópusambandsins (*Farm to Fork*) hefur framkvæmdastjórn sambandsins sett markmið um að árið 2030 verði a.m.k. 25% af öllu landbúnaðarlandi innan sambandsins komið með lífræna vottun og að þá hafi jafnframt orðið veruleg aukning í lífrænu lagareldi. Samkvæmt gögnum Eurostat var hlutfallið í ESB í heild komið upp í tæp 10% árið 2021. Austurríki var þá þegar komið yfir 25% en Eistland og Svíþjóð voru ekki langt á eftir¹. Vorið 2021 samþykkti framkvæmdastjórnin sérstaka aðgerðaáætlun um lífræna framleiðslu til að fylgja þessu markmiði eftir. Áætlunin skiptist í eftirtalda þrjá meginmarkmið (,,öxla“), sem tengjast hver öðrum og endurspeglar einstaka hluta af virðiskeðju matvæla:

1. Örvu eftirspurn og tryggja traust neytenda.
2. Styrkja við aðlögun og styrkja alla virðiskeðjuna.
3. Stuðla að því að lífrænn landbúnaður skapi fordæmi, þ.m.t. með því að bæta framlag lífræns landbúnaðar til umhverfislegrar sjálfbærni.²

Tilgangurinn með markmiðssetningu Evrópusambandsins á sviði lífrænnar framleiðslu er ekki síst sá að lífrænn landbúnaður þróist úr því að vera jaðarstarfsemi (e. niche) yfir í að skipta verulegu máli í landbúnaðarframleiðslunni (e. main-stream). Með þessu móti eykst hagkvæmni í framleiðslunni og verð til neytenda lækkar.

¹Eurostat: https://ec.europa.eu/eurostat/statistics-explained/index.php?title=Developments_in_organic_farming

²Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (2022): Organic action plan. https://agriculture.ec.europa.eu/farming/organic-farming/organic-action-plan_en.

Ætlun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins er að stutt verði við markmið og aðgerðir sambandsins í þágu lífrænnar framleiðslu með sérstakri áherslu á rannsóknir og nýsköpun. Þannig verði 30% af öllum rannsókn- og nýsköpunarstyrkjum sambandsins vegna landbúnaðar varið til verkefna innan lífræna geirans eða verkefna sem nýtast í lífrænni framleiðslu. Jafnframt verði lögð aukin áhersla á lífræna framleiðslu í nýrri landbúnaðarstefnu, þ.m.t. með auknum tæknilegum og faglegum stuðningi.³

Rétt eins og Evrópusambandið í heild hafa einstök ríki innan sambandsins sett sér markmið um hlutfall lífræns vottaðs lands af heildarflatarmáli landbúnaðarlands, og í einhverjum tilvikum einnig markmið um tiltekna markaðshlutdeild. Sem dæmi má nefna að í Þýskalandi og í Svíþjóð er stefnt að því að 30% landbúnaðarlands verði komið með lífræna vottun 2030, í Portúgal er stefnt að 12% 2027, í Frakklandi átti hlutfallið að ná 15% árið 2022⁴ og í Hollandi er stefnt að 15% 2030.⁵ Sömuleiðis hafa nokkur ríki sett sér markmið um markaðshlutdeild lífrænnar vöru á matvælamarkaði. Í Finnlandi á markaðshlutdeildin t.d. að vera komin í 5% árið 2030 og sama hlutfalli á að ná í Ungverjalandi 2027. Í Svíþjóð hefur verið sett markmið um að hlutdeild lífrænna matvæla í opinberum innkaupum verði 60% árið 2030.⁶

Íslensk stjórnvöld hafa hingað til ekki sett sér markmið um hlutfall lífræns vottað lands af landbúnaðarlandi né um markaðshlutdeild lífrænnar vöru hérlendis en þær upplýsingar liggja ekki fyrir.

Aðgerðaáætlunin sem hér er sett fram miðar að því að ná ákveðnu markmiði.

Eftirfarandi markmið um hlutfall lífræns vottaðs landbúnaðarlands af öllu landbúnaðarlandi er því sett hér fram:

10% af landbúnaðarlandi á Íslandi verði komið með lífræna vottun 2040

³ Nicolas Lampkin og Jörn Sanders (2022): *Policy support for organic farming in the European Union 2010-2020. Thünen Working Paper 200.* https://www.thuenen.de/media/publikationen/thuenen-workingpaper/ThuenenWorkingPaper_200.pdf.

⁴ Nicolas Lampkin og Jörn Sanders (2022): *Policy support for organic farming in the European Union 2010-2020. Thünen Working Paper 200.* https://www.thuenen.de/media/publikationen/thuenen-workingpaper/ThuenenWorkingPaper_200.pdf.

⁵ Landbúnaðar-, náttúru- og matvælaöryggisráðuneyti Hollands (Ministerie van Landbouw, Natuur en Voedselkwaliteit (LNV) (2022): Actieplan – Groei van biologische productie en consumptie. <https://www.rijksoverheid.nl/documenten/kamerstukken/2022/12/19/lnv-actieplan-biologische-landbouw>.

⁶ Nicolas Lampkin og Jörn Sanders (2022): *Policy support for organic farming in the European Union 2010-2020. Thünen Working Paper 200.* https://www.thuenen.de/media/publikationen/thuenen-workingpaper/ThuenenWorkingPaper_200.pdf.



1. Aðlögunar- og rekstrarstyrkir



1.1 Aðlögunarstuðningur

Aðgerðin felur í sér að endurskoða núverandi aðlögunarstuðning

Lýsing: Samkvæmt reglugerð um almennan stuðning við landbúnað og reglugerð um stuðning við garðyrkju geta framleiðendur sótt um aðlögunarstuðning vegna lífrænna framleiðsluhátta. Aðgerðin felur í sér að endurskoða núverandi aðlögunarstuðning í þeim tilgangi að gera hann skilvirkari og lengja tímabilið. Jafnframt verður leitast við að gera reglurnar sem gilda skýrari fyrir framleiðendur og gera upplýsingar um möguleika á stuðningi aðgengilegri.

Í stað núverandi aðlögunarstyrkja verði boðið upp á 5-7 ára aðlögunarstuðning. Styrkir verða veittir yfir tveggja til þriggja ára tímabil til að mæta kostnaði nýrra framleiðenda vegna lögbundinnar aðlögunar að lífrænni framleiðslu undir eftirliti vottunarstofu, þ.m.t. kostnaði vegna breytinga á húsakosti, endurnýjunar tækjabúnaðar, endurræktunar, lækunar tekna vegna minni framleiðslu, efnagreininga, námskeiða, ráðgjafar, skýrslugerðar og fyrstu úttekta vottunarstofu. Stuðningur miðist við að vottun fái að þessum tíma

liðnum og að eftir það verði veittir áframhaldandi styrkir til loka tímabilsins til að standa undir kostnaði vegna lækkunar tekna, námskeiða, ráðgjafar, skýrslugerðar, úttekta og vottana. Æskilegt er að fjárhæðir miðist við að á þessum síðari hluta tímabilsins standi styrkir nokkurn vegin undir fimm síðast töldu kostnaðarliðunum, allt að tiltekinni hámarksupphæð.

Æskilegt er að framleiðendum sem þegar hafa hafið aðlögun eða fengið vottun á síðustu árum verði einnig boðnir aðlögunarstuðningur þar til fimm- sjö ár eru liðin frá því að aðlögun þeirra hófst, þá með þeim hætti að sá aðlögunarstuðningur sem þeir hafa þegar notið komi til frádráttar.

Tillaga að samstarfsaðilum: Bændasamtök Íslands (BÍ), VOR, RML.

Tímarammi: 2027 – þegar endurskoðað fyrirkomulag stuðnings við landbúnað tekur gildi með vísan til landbúnaðarstefnu.

Árangursvísir: Fjöldi framleiðenda sem fá aðlögunarstuðning.

Tillaga að fjármögnun: Endurskoðað fyrirkomulag stuðnings við landbúnað.

1.2 Stuðningsgreiðslur

Aðgerðin felur í sér að greiða álag á almennar stuðningsgreiðslur fyrir lífræna framleiðslu

Lýsing: Við mótnun nýs stuðningsforms í landbúnaði eftir að núgildandi búvörusamningar renna úr gildi verði kannaði kostir þess að lífrænum framleiðendum verði greitt sérstakt álag á almennar stuðningsgreiðslur. Þegar aðlögunartímabili er lokið yrði greitt álag á stuðningsgreiðslur.

Tillaga að samstarfsaðilum: Bændasamtök Íslands (BÍ), VOR, RML.

Tímarammi: 2027 – þegar endurskoðað fyrirkomulag stuðnings við landbúnað tekur gildi með vísan til landbúnaðarstefnu.

Árangursvísir: Fjöldi framleiðenda með lífræna vottun og /eða framboð innlendra lífrænna landbúnaðarafurða.

Tillaga að fjármögnun: Endurskoðað fyrirkomulag stuðnings við landbúnað.

1.3 Fjárfestinga- og tækjastyrkir

Aðgerðin felur í sér að bjóða fjárfestinga- og tækjastyrki

Lýsing: Framleiðendur geti sótt um sérstaka fjárfestinga- og tækjastyrki til kaupa á sérhæfðum búnaði sem stuðlar að aukinni framlegð og bættri nýtingu lífræns áburðar, svo sem róbótum, niðurfellingarbúnaði til áburðardreifingar, tækjum til safnhaugagerðar, tækni til nákvæmnislandbúnaðar, illgresishreinsa (róbóta) o.fl. Framleiðendur í lífrænni ræktun ættu þess kost að sækja um slíka styrki.

Tillaga að samstarfsaðilum: Bændasamtök Íslands (BÍ), VOR og RML.

Tímarammi: 2024-2025

Árangursvísir: Sömu og í aðgerðum 1 og 2.

Tillaga að fjármögnun: Endurskoðað fyrirkomulag stuðnings við landbúnað þegar að tekur gildi 2027. Fyrir liggur að hægt er að ráðstafa 30 milljónum í verkefnið á árinu 2025 í búvörusamningum.

1.4 Sérstakur stuðningur við afurðastöðvar

Aðgerðin felur í sér að bjóða sérstakan stuðning við afurðastöðvar

Lýsing: Kannaðir verða kostir þess að sérstakir styrkir verði boðnir afurðafyrirtækjum í landbúnaði til að mæta kostnaði vegna lífrænnar vottunar. Í dag er ein kjötafurðastöð og ein mjólkurvinnsla með lífræna vottun. Dæmi eru um að framleiðendur sjálfir hafi þurft að leggja út fyrir kostnaði við slátrun fyrir lífrænt ræktaðar kjötafurðir. Greina þarf kostnað og mögulegar útfærslur á slíkum stuðningi.

Tillaga að samstarfsaðilum: Matvælastofnun, Vottunarstofan Tún, SAFL, afurðastöðvar.

Tímarammi: 2024

Árangursvísir: Fjöldi afurðavinnslufyrirtækja með lífræna vottun.

Tillaga að fjármögnun: Liggur ekki fyrir.



2. Aðföng

Skortur á leyfilegum áburðarefnum er helsti þrándur í götu lífrænnar ræktunar á Íslandi. Ráðist hefur verið í nokkur verkefni til að kortleggja uppsprettur og magn lífræns úrgangs sem nýta mætti til áburðarframleiðslu. Þar eru því til staðar upplýsingar sem nýta mætti til að auka framboð á áburðarefnum sem uppfylla skilyrði til notkunar í lífrænni framleiðslu og þannig halda næringarefnum inn í hringrás matvælaframleiðslunnar.

2.1 Greiningar á möguleikum á notkun lífræns efnis til áburðar og fóðurs

Aðgerðin felur í sér að tryggja nauðsynlegar greiningar á möguleikum á notkun lífræns efnis til áburðar, jarðvegsbóta og fóðurs

Lýsing: Nýttar verði greiningar á mögulegri framleiðslu á áburði, jarðvegsbætiefnum og fóðri sem uppfyllir skilyrði reglugerða um aðföng í lífrænni framleiðslu, bætt við frekari greiningum ef ástæða þykir til og í framhaldinu tekin ákvörðun um næstu skref. Í þessu sambandi væri vert að skoða sérstaklega hvað þurfi að gera til að „sönnunarbyrði“ vegna leyfilegra aðfanga til lífrænnar framleiðslu í tilvikum sem þessum færast frá einstökum kaupendum aðfanganna yfir á framleiðendur þeirra. Þessu myndu væntanlega einnig fylgja aukin tækifæri fyrir framleiðendurna til að koma afurðum sínum í verð. Jafnframt er mikilvægt fyrir framleiðendur lífrænna afurða að fyrir liggi greining á innihaldi mismunandi lífrænna efna.

Greining á nýtingu lífræns áburðar hefur verið birt af matvælaráðuneytinu og þar er að finna gögn sem nýtast við framkvæmd aðgerðarinnar.

Tillaga að samstarfsaðilum: Matvælastofnun sem fer með eftirlit með áburði og fóðri, Matís, Háskóli Íslands og aðrir háskólar, Vottunarstofan TÚN.

Tímarammi: Stöðumat liggi fyrir 2024.

Árangursvísir: Framboð lífrænna hráefna sem nýta má sem áburð, jarðvegsbætiefnifóður í lífrænni ræktun.

Tillaga að fjármögnun: Innan ramma fjárlaga.



3. Rannsóknir, ráðgjöf, nýsköpun og vöruþróun



3.1 Rannsóknir á sviði lífrænnar framleiðslu

Aðgerðin felur í sér að efla rannsóknir á sviði lífrænnar framleiðslu

Lýsing: Hluti af framlögum til rannsókna í landbúnaði verði varið til rannsókna á sviði lífrænnar framleiðslu við Landbúnaðarháskóla Íslands og annarra háskóla. Í því getur falist stuðningur við þátttöku skólans í alþjóðlegum rannsóknarverkefnum á sviði lífrænnar ræktunar, þ.m.t. verkefnum um kolefnisbúskap og líffræðilega fjölbreytni í efstu lögum jarðvegs.

Þá verður einnig hvatt til aukins samstarfs s.s. á milli VOR, Ráðgjafamiðstöðvar landbúnaðarins, Landbúnaðarháskóla Íslands, Háskóla Íslands, Matís og annarra eftir því sem við á í því skyni að miðla þekkingu og fræðslu til framleiðenda.

Tillaga að samstarfsaðilum: Landbúnaðarháskóli Íslands, VOR, Matís, Háskóli Íslands, RML.

Tímarammi: 2024

Árangursvísir: Fjöldi rannsókna á sviði lífrænnar framleiðslu hverju sinni.

Tillaga að fjármögnun: Hluti af samningi matvælaráðuneytisins við Landbúnaðarháskóla Íslands. Ráðuneytið fylgi eftir að verkefni á þessu sviði verði hluti af áherslum hvers ár.

3.2 Nýsköpun, vöruþróun, rannsóknir og þróun

Aðgerðin felur í sér að vekja athygli á og hvetja lífræna framleiðendur til að sækja um í Matvælasjóð og aðra sjóði sem styðja við nýsköpun, vöruþróun, rannsóknir og þróun


Lýsing: Árlega er úthlutað styrkjum úr Matvælasjóði, þróunarverkefnum búgreina og fleiri sjóðum. Aðgerðin felur í sér að kynna og vekja athygli á þeim sjóðum og styrkjum sem um ræðir og hvetja lífræna framleiðendur og þá sem eru í aðlögunarferli til að sækja um. Kannaðir verða möguleikar þess að vera með lífræna ræktun sem áherslumál þegar styrkveitingar úr sjóðum eru auglýstar. Jafnframt verður sérstaklega kannað hvort hindranir séu í vegi fyrir lífræna framleiðendur, eða framleiðendur í aðlögunarferli að sækja um.

Tillaga að samstarfsaðilum: Bændasamtök Íslands, VOR og viðeigandi sjóðir.

Tímarammi: 2024

Árangursvísir: Fjöldi umsókna á sviði lífrænnar matvælaframleiðslu sem berast sjóðnum.

Tillaga að fjármögnun: Innan ramma fjárlaga.



4. Markaðsstarf, kynning og fræðsla



4.1 Aukin gagnaöflun

Aðgerðin felur í sér að bæta gagnaöflun um hlutdeild lífrænnar framleiðslu á innlendum markaði

Lýsing: Markaðsstarf, kynning og fræðsla eru mikilvægir þættir í að styrkja eftirspurnarhliðina á lífræna markaðnum. Hingað til hefur verið erfitt að fylgjast með þróun markaðarins, þar sem engar tölur eru tiltækar um magn innfluttra lífrænna vara, hvorki í tollskýrslum né öðrum opinberum gögnum. Hins vegar ber öllum þeim sem framleiða, dreifa eða geyma vörur sem merktar eru sem „lífrænar“ eða „í aðlögun“ skylda til að tilkynna lögbæru yfirvaldi (Matvælastofnun) eða þeim sem yfirvaldið hefur falið að annast eftirlitið (Vottunarfólk Tún ehf.) um starfsemi sína og skila síðan árlegri skýrslu með magntölum fyrir einstakar vörur. Kannaður verður möguleiki á því að birta heildartölur úr þessum skýrslum opinberlega að því gefnu að þeir sem veita upplýsingarnar séu upplýstir um að þær verði notaðar á þennan hátt. Birting heildartalna þyrfti þó alltaf að vera háð því skilyrði að ekki séu birtar upplýsingar sem hægt er að rekja til einstaks aðila, (t.d. í tilviki þar sem allur innflutningur tiltekinnar lífrænt vottaðrar vöru er á einni hendi).

Leitað verði samstarfs við Vottunarstofuna Tún ehf. og Matvælastofnun um árlega samantekt og birtingu heildartalna úr árlegum skýrslum skráðra og vottaðra framleiðenda, innflytjenda og vinnsluaðila, með það að markmiði að hlutdeild lífrænt vottaðrar vöru, innfluttrar sem innlendirar, verði þekkt og gerð opinber á hverjum tíma.

Tillaga að samstarfsaðilum: Matvælastofnun, Vottunarstofan Tún, Vor / Lífrænt Ísland.

Tímarammi: 2025

Árangursvísir: Yfirlit yfir hlutdeild lífrænt vottaðrar vöru á markaði.

Tillaga að fjármögnun: Fyrir liggur að hægt er að ráðstafa 1.500.000 kr. til að hefja þetta verkefni. Frekari fjármögnun verður skoðuð þegar umfang verkefnisins skýrist.

4.2 Lífrænt Ísland

Aðgerðin felur í sér að styðja við verkefnið Lífrænt Ísland

Lýsing: Verkefninu Lífrænt Ísland verði viðhaldið og því tryggt fjármagn til áframhaldandi starfsemi með samningi matvælaráðuneytisins við VOR. Núgildandi samningur rennur út í árslok 2024. Jafnframt fái Lífrænt Ísland formlegt hlutverk sem miðstöð upplýsinga og miðlunar um lífræna framleiðslu. Eitt af verkefnum Lífræns Íslands gæti verið að safna saman og gera aðgengilega (m.a. á vefsíðu) þá þekkingu á lífrænum aðferðum sem þegar er til staðar hjá einstökum framleiðendum. Önnur verkefni sem Lífrænt Ísland gæti staðið fyrir væri samstarf við matvælaverslanir um framsetningu á lífrænum vörum í verslunum, fræðslu um merkingar matvæla (þ.m.t. merki Vottunarstofunnar Túns ehf. og merki Evrópusambandsins fyrir lífrænar vörur og markaðsáttak fyrir lífræna matvæli í mötuneytum og verslunum.

Tillaga að samstarfsaðilum: VOR / Lífrænt Ísland og BÍ.

Tímarammi: Fyrst verði litið til fjármögnunar 2025-2026, en í kjölfarið frá og með 2027.

Árangursvísir: Styður við árangursvísa annarra aðgerða.

Tillaga að fjármögnun: Innan ramma fjárlaga / búvörusamningar fyrir tímabilið 2025-2026.

4.3 Lífrænn dagur

Aðgerðin felur í sér að haldinn verði lífrænn dagur árlega

Lýsing: Lífrænu Íslandi verði falið að standa framvegis fyrir sérstökum lífrænum degi árlega. Slíkur dagur var í fyrsta sinn haldinn á Íslandi haustið 2022 og svo aftur 2023 og voru þeir haldnir í tengslum við *Organic Day Europe*. Nánara fyrirkomulag dagsins og tímasetningar verða ákveðnar í samstarfi við hagaðila ár hvert.

Ábyrgð: VOR / Lífrænt Ísland.

Tillaga að samstarfsaðilumi: Matvælaráðuneytið, Bændasamtök Íslands, Vottunarstofan, VOR.

Tímarammi: Árlega.

Árangursvísir: Styður við árangursvísa annarra aðgerða.

Tillaga að fjármögnun: Innan ramma fjárlaga – hluti af samningi við VOR.

4.4 Lífræn verðlaun / viðurkenning

Aðgerðin felur í sér að veitt verða lífræn verðlaun / viðurkenning árlega á lífræna deginum

Lýsing: Matvælaráðuneytið veiti árlega viðurkenningu / verðlaun til aðila sem þykja hafa skarað fram úr í framleiðslu, nýsköpun, vöruþróun, markaðssetningu, sölu eða kynningu á lífrænum vörum.

Tillaga að samstarfsaðilum: VOR / Lífrænt Ísland.

Tímarammi: Árlega.

Árangursvísir: Styður við árangursvísa annarra aðgerða.

Tillaga að fjármögnun: Innan ramma fjárlaga – hluti af samningi við VOR.



5. Eftirfylgni, endurskoðun og samræming stefnumótunar



5.1 Stöðuskýrsla og málþing

Aðgerðin felur í sér að gefa út stöðuskýrslu um stöðu aðgerða og halda málþing

Lýsing: Á tveggja ára fresti verði gefin út stöðuskýrsla um stöðu aðgerða og árangurinn af framkvæmd aðgerðaáætlunarinnar á nýliðnu tímabili. Þá verði efnt til sérstaks málþings eigi sjaldnar en á tveggja ári fresti til að kynna það sem hefur áunnist og ræða æskilegar áherslur í áframhaldandi eftirfylgni.

Tillaga að samstarfsaðilu: VOR / Lífrænt Ísland, Bændasamtök Íslands.

Tímarammi: 2026

Árangursvísir: Málþing og skýrsla hverju sinni.

Tillaga að fjármögnun: Innan ramma fjárlaga.

5.2 Endurskoðun aðgerðaáætlunar

Aðgerðin felur í sér að endurskoða aðgerðaáætlunina reglulega

Lýsing: Aðgerðaáætlunin verði endurskoðuð eigi sjaldnar en á fimm ára fresti og oftari ef þörf er á, í fyrsta sinn eigi síðar en fyrir 1. janúar 2029.

Tillaga að samstarfsaðilum: Bændasamtök Íslands, VOR og aðrir hagaðilar.

Tímarammi: 2029

Árangursvísir: Uppfærð aðgerðaáætlun.

Tillaga að fjármögnun: Innan ramma fjárlaga.

5.3 Samræming stefnumótunar og endurskoðun reglugerða

Aðgerðin felur í sér að stefnumótun á málefnasviðinu sé samræmd og reglugerðir endurskoðaðar

Lýsing: Þegar aðgerðaráætlunin hefur tekið gildi verða ákvæði reglugerða sem gilt hafa um stuðning við lífræna framleiðslu, endurskoðaðar til að þær endurspegli nýtt fyrirkomulag.

Jafnframt verði tryggt að aðgerðaráætlunin og aðrar stefnur á sviði matvæla verði samræmdar.

Ábyrgð: Matvælaráðuneytið.

Tillaga að samstarfsaðilum: Hagaðilar, eftir því sem við á.

Tímarammi: 2027 – þegar endurskoðað fyrirkomulag stuðnings við landbúnað tekjur gildi með vísan til landbúnaðarstefnu.

Árangursvísir: Útgáfa endurskoðaðra reglugerða.

Tillaga að fjármögnun: Innan ramma fjárlaga.



6. Viðauki

6.1 Aðgerðir sem heyra undir önnur ráðuneyti

Eftirtaldar aðgerðir í tillögum Umhverfissráðgjafar Íslands ehf. til matvælaráðherra heyra undir önnur ráðuneyti og stofnanir og eru ekki á forræði matvælaráðuneytisins. Aðgerðirnar heyra undir háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti, mennta- og barnamálaráðuneyti, innviðaráðuneyti, fjármála og efnahagsráðuneytið. Matvælaráðuneytið mun vísa þeim aðgerðum sem heyra undir starfssvið annarra ráðuneyta til þeirra, þar sem þau verða hvött til að vinna að framgangi þeirra í samstarfi við hagaðila.

Grunnnámskeið um lífræna framleiðslu

Gerður verði sérstakur samningur við Landbúnaðarháskóla Íslands um skyldunámskeið um lífræna framleiðslu við upphaf háskólanáms við skólann.

Prófessorsstaða við Landbúnaðarháskóla Íslands

Stofnuð verði staða prófessors á sviði lífrænnar framleiðslu við Landbúnaðarháskóla Íslands og staðan mönnuð sérfræðingi sem uppfyllir hæfniskröfur.

Námsbraut um lífræna framleiðslu

Í framhaldi af stofnun prófessorsstöðu (sbr. aðgerð 3.2) verði komið á sérstakri námsbraut um lífræna framleiðslu á háskólastigi við Landbúnaðarháskóla Íslands. Þannig verði námsframboð skólans á þessu sviði aukið og aðgangur framleiðenda og annarra að endurmenntun bættur.

Bætt aðstaða til rannsókna

Sérstöku fjármagni verði varið til uppbyggingar á aðstöðu til rannsókna og verklegrar kennslu í lífrænni ræktun við íslenska háskóla, vegna rannsókna í búfjárrækt, jarðrækt, útiræktun, ylraekt, fiskeldi og áburðarframleiðslu..

Bætt aðstaða til verklegar kennslu

Sérstöku fjármagni verði varið til uppbyggingar og lagfæringa á aðstöðu til verklegar kennslu í lífrænni ræktun við Garðyrkjuskólann á Reykjum / Fjölbrautaskóla Suðurlands.

Lífrænar áherslur í byggðaáætlun

Gerð verði sérstök greining á möguleikum þess að auka áherslu á lífræna framleiðslu við framkvæmd og/eða endurskoðun Byggðaáætlunar. Í því sambandi verði m.a. kannaðir möguleikar á að skapa aðstæður til lífrænnar ræktunar á leigujörðum í ríkiseigu.

Lífrænar áherslur í byggðaáætlun

Gátlistar „Grænna skrefa“ í ríkisrekstri verði endurskoðaðir með það að leiðarljósi að innkaup og framboð á lífrænt vottuðum vörum og vörum úr nærumhverfi fái aukið vægi.

Lífrænt vottaðar vörur í innkaupastefnu

Stefna ríkisins um opinber innkaup verði endurskoðuð með það að leiðarljósi að innkaup á lífrænt vottuðum vörum og vörum úr nærumhverfi fái aukið vægi, svo sem með ákvæðum um tiltekið lágmarkshlutfall lífrænnar vöru í innkaupunum og um innra verðmat sem tryggir lífrænum vörum og vörum úr nærumhverfi tiltekið forskot í verðsamanburði. Í þessu sambandi verði sett töluleg markmið um hlutdeild lífrænnar vöru og vörum úr nærumhverfi í innkaupunum og sérstaklega hugað að innkaupum fyrir mótuneyti á vegum ríkisins. Jafnframt verði leitað eftir samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga varðandi hvatningu til sveitarfélaga um sambærilega markmiðssetningu og áherslur við innkaup.

